**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 135/2023** **2023/EES/81/60**

**frá 28. apríl 2023**

**um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1963 frá 8. nóvember 2021 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 að því er varðar öryggisstjórnunarkerfi í viðhaldsfyrirtækjum og um leiðréttingu þeirrar reglugerðar ([1]).

2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirliður bætist við á eftir lið 66q (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„– **32021 R 1963**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1963 frá 8. nóvember 2021 (Stjtíð. ESB L 400, 12.11. 2021, bls. 18).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2021/1963, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 29. apríl 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram ([*]), eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 114/2023 frá 28. apríl 2023 ([2]), eftir því hvor dagsetningin er síðar.

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 28. apríl 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Nicolas von Lingen***

formaður.

([1]) Stjtíð. ESB L 400, 12.11.2021, bls. 18.

([*]) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

([2]) Stjtíð. ESB L, 2023/2294, 9.11.2023, og EES-viðbætir nr. 81, 9.11.2023, bls. 67.